

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2026/175

2026/EES/36/30

frá 26. janúar 2026

um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 að því er varðar að færa hesperetíndihýdrókalkón á skrá Sambandsins yfir bragðefni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla, sem hafa bragðgefandi eiginleika, til notkunar í og á matvæli og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91, reglugerðum (EB) nr. 2232/96 og (EB) nr. 110/2008 og tilskipun 2000/13/EB ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 11. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum ⁽²⁾, einkum 5. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er sett fram skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni sem samþykkt eru til notkunar í og á matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 ⁽³⁾ var samþykkt skrá yfir bragðefni og var sú skrá færð inn í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008.
- 3) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar aðildarríkis eða hagsmunaaðila.
- 4) Hinn 7. nóvember 2022 barst framkvæmdastjórninni umsókn um leyfi fyrir hesperetíndihýdrókalkóni (FL-nr. 16.137) sem bragðefni til notkunar í ýmis matvæli sem falla undir nokkra af þeim matvælaflokkum sem um getur í skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni. Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) var tilkynnt um umsóknina til að fá álit hennar. Framkvæmdastjórnin gerði umsóknina einnig aðgengilega fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.
- 5) Í álit Matvælaöryggisstofnunarinnar sem var samþykkt 23. október 2024 ⁽⁴⁾ lagði hún mat á öryggi hesperetíndihýdrókalkóns (FL-nr. 16.137) þegar efnið er notað sem bragðefni og komst að þeirri niðurstöðu að slík notkun við tillögð notkunarskilyrði og notkunarmagn hefði engan öryggisvanda í för með sér. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að uppsöfnuð váhrif af völdum hesperetíndihýdrókalkóns (FL-nr. 16.137) og fjögurra efna með skylda efnabyggingu (FL-nr. 16.061, 16.109, 16.110, 16.112) hafi ekki heldur öryggisvanda í för með sér.
- 6) Þar eð notkun hesperetíndihýdrókalkóns (FL-nr. 16.137) sem bragðefnis hefur ekki öryggisvanda í för með sér samkvæmt tilgreindum skilyrðum fyrir notkun og ekki er búist við að þetta villi um fyrir neytendum þykir rétt að leyfa slíka notkun í ljósi álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2026/175, 27.1.2026. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2026 frá 30. apríl 2026 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2008/1334/oj>.

(2) Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2008/1331/oj>.

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 frá 1. október 2012 um samþykkt skrárinnar yfir bragðefni, sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96, og upptöku hennar í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1565/2000 og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB (Stjtið. ESB L 267, 2.10.2012, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2012/872/oj).

(4) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2024 22, e9091, <https://doi.org/10.2903/j.efsa.2024.9091>.

- 7) Því ætti að breyta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 til samræmis við það til að bæta hesperetíndi-hýdrókalkóni (FL-nr. 16.137) á skrá Sambandsins yfir bragðefni.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. janúar 2026.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Í töflu 1 í 2. þætti A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er eftirfarandi færslu bætt við á eftir færslunni sem varðar FL-nr. 16.136:

„16.137	Hesperetindihýdróalkón	35400–60-3	2262		<p>Í flokki 1.4 – hámark 10 mg/kg</p> <p>Í flokki 3 – hámark 10 mg/kg</p> <p>Í flokki 4.2 – hámark 10 mg/kg</p> <p>Í flokki 5.2 – hámark 10 mg/kg</p> <p>Í flokki 5.3 – hámark 10 mg/kg</p> <p>Í flokki 6.3 – hámark 10 mg/kg</p> <p>Í flokki 7.1 – hámark 10 mg/kg</p> <p>Í flokki 7.2 (einungis stökkt kryddkex) – hámark 10 mg/kg</p> <p>Í flokki 12.2 – hámark 10 mg/kg</p> <p>Í flokki 12.6 – hámark 10 mg/kg</p> <p>Í flokki 14.1 – hámark 10 mg/kg</p> <p>Í flokki 14.2.1 – hámark 10 mg/kg</p> <p>Í flokki 15.1 – hámark 10 mg/kg</p> <p>Í flokki 16 (einungis að stofni til úr mjólkurvörum, mjólkurvöruhlíðstæðum, alðinum og grænmeti) – hámark 10 mg/kg</p>	EFSÁ“
---------	------------------------	------------	------	--	---	-------